

Saga skólans

Ölfushreppur byggði á sínum tíma heimavist fyrir skólabörn sem var staðsett í Hveragerði en þar áttu börn héðan að stunda sitt skyldunám vegna þess að enginn skóli var á staðnum. En sumarið 1956 voru hér 9 skólaskyld börn og um haustið var sett hér á stofn útibú frá skólanum í Hveragerði og Kristján Einarsson skáld frá Djúpalæk ráðinn til kennslunnar og var hann fyrsti barnaskólakennari í þéttbýli í Þorlákshöfn. Í bréfi lýsir Kristján frá Djúpalæk skólalaldi meðal annars svo:

Þetta haust vaknaði almennur áhugi í Þorlákshöfn fyrir því að fá kennara í þorpið, svo ekki þyrfti að aka börnum upp í Hveragerði, en þetta var þá allt eitt skólahérað. Varð það að samþykki hinna bestu manna, að fengin skyldi kennari á staðinn. Húsnæði hefur mér vitanlega aldrei verið talið til nauðsynja fyrir kennara, en oft talið þörf á því fyrir skóla. Þarna var þá enn lítt um tómt húsnæði, eftir að vertíð hófst, sjóbúðir stóðu auðar þess á milli og var svo þetta haust. En ekki þótti þó annað fært en ætla skólanum varanlegri samastað. Nú vildi svo vel til að maður að nafni Sigurþór hafði haft svín þarna á staðnum, er hann hafði þá fargað. Húsnæði það, sem peningur þessi hafði verið fóstraður í, var því laust. Hafði Sigurþór jafnvel ætlað að innréttu sér þar bráðabirgðar íbúð. Þótti nú skólanefnd ráðlegt að slá í púkk með Sigurþóri og annast innréttinguna á sinn kostnað, gegn því að skóli fengi þar inni um veturinn, er verki lyki. Þarna skyldi og hinn nýi kennari hafa skjól. En stórvirki öll taka tíma.

Skólinn fékk fyrst um sinn inni í sjóbúð er sneri enda að aðalgötu og var vestast í því rauðhúsaferfi. Við tjölduðum með hessíanstriga fyrir kojurnar upp undir þak og fluttum þangað stóla og borð er afgangs voru í Hveragerði. Þetta var langt pláss og mjótt. Mig minnir að nemendur væru sjö og af því tveir á fullnaðarprófsaldri. Þetta eru nú þegar orðnir hinir merkustu menn. Hitt var mest á fyrsta og öðru skólaári. Búð þessi var ágæt, hægt að hita upp og strigalyktin vandist. Kennarahjónin bjuggu í áfastri sjóbúð með sömu innréttingu fyrir kojurnar, eldað var á sama stað.

Nú leið til vertíðar. Var þá lokið smíð skólans. Við fluttum þangað eftir jólafríið. Þetta var lítið hús með skúrþaki og lítt gengt undir lægri brún þaksins. Húsinu var skipt í þrennt: Skólastofan tók bróðurpartinn, hinu var skipt í svefnskála og eldhús. Vildi svo heppilega til að svefnhúsið var máturegt utan um tvíbreiðan dívan kennarahjónanna og gengt upp á enda hans um dyr sem lágu úr skólastofunni. Eldhús þénaði einnig sem forstofa fyrir húsið og fatageymsla nemenda. Nú hófst kennsla og þótt rúmleysi væri mikið í skólastofunni mátti una því. Hitt var lakara að einangrun hússins var í einhverju ábótavant og vildi veggj slaga mjög er mættist ylurinn að innan og lemjandinn að utan. Dívaninn vandist lítt vætunni og svo ábúendur hans. Bót mátti þó kalla gegn rakanum að upphitunin var rafurmagnt og þannig frágengið að sjálfvirkur rofi tók það af aðra hvora tvo tíma um daga.

Rakinn varð því að föstu efni innanhúss engangímellum ef frost var. Gekk svo um hríð.

Nú eru kennarar eins og allir vita hinir verstu kröfuseggir og hafa aldrei kunnað að meta og þakka gildi vinnunnar sem slíkrar, því var það, að oss þótti hús þetta vart samboðið svo ungrri stofnan og gerist kurr nokkur. Skilningur heimafólks var jákvæður, en skólanefndar síður. Lauk svo frama þessa húss að vér fluttum þaðan alfarið í fárviðrisbýl kvöld eitt og fengum inni fyrir allt saman í kaupfélagshúsinu, sem var þá nær fullgert. Bjuggum við í núverandi eldhúsi, en kennt var í dagstofunni. Þótti þá hækka hagur strympu. Þetta var að þakka einstökum góðvilja kaupfélagsstjórnans Þormóðs Jónssonar.

Tæki voru fá til kennslu lengst af og misjafnt húsnæði, stundum í sjóbúð eða hálfbyggðum húsum. En fólk reyndist vinveitt.

Eins og fram kemur í bréfinu var kennt fram að jólum í sjóbúð. Í janúar var flutt í skúr sem var heldur óhrjálegur. Var hann staðsettur að Egilsbraut 14, byggður af Sigurþór Runólfssyni. Við

kennslu í skúrnum komu við sögu þeir Árni Benediktsson og Gunnar Markússon, síðar skólastjóri. Guðbjörg Thorarensen kenndi þarna í alllangan tíma en skólastjórn var í höndum Valgarðs Runólfssonar í Hveragerði.

Síðar flutti skólinn í íbúð sem útibústjóra KÁ hafði verið ætluð. Á ýmsu gekk næstu árin. Kennt var þar sem hægt var að fá inni fyrir nemendur og kennara. Í upphafi ársins 1962 var flutt í sérstakt skólahúsnæði. Bygging þess var þó ekki lengra komin en svo að mótatimbur klætt tjörupappa þjónaði sem útihurð og rúðugler. Útbúnaður þessi hélt vindi og vatni að mestu utan veggja en rafmagn og olía gáfu húsinu birtu og yl. Þetta vor luku 37 börn prófi hér. Þá var Þorlákshöfn gerð að sérstöku skólahéraði og Gunnar Markússon ráðinn fyrsti skólastjórinn.

Skylt er að geta þess að í húsnæði skólans starfar með blóma deild úr Tónlistaskóla Árnessýslu. Hún var stofnuð árið 1966 og er nú staðsett í norðari væng skólans, sem reistur var í 1. áfanga að viðbyggingu árið 1969. 2. áfangi fór í framkvæmd árið 1978, en þá var skólinn stækkaður verulega. Í dag hýsir sú bygging stjórnunarálmu, bókasafn og tölvuver. Mat- og hátíðarsalur Grunnskólans var reistur í 3. áfanga árið 1986. Í 4. áfanga var norðari turninn, Norðurvör, reistur árið 1994 og syðri turninn, Suðurvör, í 5. áfanga árið 2006. 6. áfangi hófst svo árið 2008 með lagfæringu á stjórnunarálmu og byggingu nýs anddyris. Árið 2013 var unnið að hönnun vegna endurbóta á tónlistarálmu skólans. Það var 7. áfangi breytinga við skólann. Vinnan við breytingarnar hófst í maí 2014. Um haustið 2014 var hægt að byrja að nýta tónlistarálmuna og voru framkvæmdir þar við að mestu lokið um áramótin 2014 og að fullu í byrjun árs 2015. Samhliða þeim framkvæmdum var skólalóðin einnig endurbætt.

Halldór Sigurðsson hefur lengst af verið skólastjóri í Grunnskólanum í Þorlákshöfn en hann lét af störfum vorið 2015 eftir 27 ára farsælt starf. Núverandi skólastjóri er Guðrún Jóhannsdóttir og nemendur eru 222 haustið 2017.